

SKJALDKIRTISSJÚKDÓMAR Á MEÐGÖNGU: SKJALDVAKAOFSEYTING

ICD-10 greiningar:

E05.9 Skjaldvakaofseyting, ótilgreind

E05.0 Graves sjúkdómur

Mikilvægt er að greina orsök ofstarfsemi skjaldkirtils og skilja á milli hvort um er að ræða hCG áhrif, Graves sjúkdóm eða virka hnúta í skjaldkirtli.

SKILGREINING

ft4 yfir viðmiðunarmörkum og TSH undir viðmiðunarmörkum .

SKJALDVAKAOFSEYTING

hCG áhrif

Á fyrsta þriðjungi meðgöngu getur orsök skjaldvakaofseytingar verið áhrif beta hCG. Oft fylgir þá meðgönguógleði en sértæk einkenni Graves sjúkdóms eru þá ekki til staðar.

- Gefin er stuðningsmeðferð
- Mæla TSH eftir 4 vikur.

Graves sjúkdómur

Algengasti sjúkdómur sem veldur ofstarfsemi skjaldkirtils á meðgöngu er Graves sjúkdómur. Einkennin geta verið stækkun á skjaldkirtli, einkenni frá augum, kvíði, hraður hjartsláttur og önnur einkenni sem tengjast ofseytingu skjaldkirtilshormóna.

- Konur með þekktan sjúkdóm sem eru á meðferð:
 - Eftirlit innkirtlalæknis sem sér um lyfjameðferð.
 - Fæðingarlæknir í áhættumæðravernd/sérhæfðri mæðravernd skipuleggur eftirlit á meðgöngu.
- Konur með fyrri sögu um Graves sjúkdóm sem er ekki virkur:
 - Ekki þörf á aðkomu innkirtlalæknis varðandi meðgöngu
 - Mæla TRAb mótEfni í upphafi meðgöngu þar sem þau geta farið yfir fylgju þó það sé sjaldgæft.
 - Ef mótEfni eru innan eðlilegra marka er ekki þörf á frekari rannsóknum á meðgöngu.

- Ef mótefni eru yfir eðlilegum mörkum er haft samráð við áhættumæðravernd/
sérhæfða mæðravernd sem gerir áætlun um eftirlit með vexti fósturs.
- Konur sem greinast á meðgöngu:
 - Tilvísun send til innkirtlalæknis
 - Fæðingarlæknir í áhættumæðravernd/sérhæfðri mæðravernd skipuleggur eftirlit á meðgöngu.

Hnútar í skjaldkirtli

Ef TRAb er neikvætt eða klínísk skoðun bendir til hnúta þarf að meta þörf á ómskoðun á skjaldkirtli.

EFTIR FÆÐINGU

Bælimeðferð og eftirlit eftir fæðingu er alltaf í höndum innkirtlalæknis.

VIÐAUKI - EÐLILEG GILDI TSH OG FT4 Á MEÐGÖNGU

Eðlileg gildi fyrir TSH á meðgöngu:

1. þriðjungur: 0,1 - 4 mIU/l
2. þriðjungur: 0,2 - 4 mIU/l
3. þriðjungur: 0,3 - 4 mIU/l

Eðlileg gildi fyrir FT4 á meðgöngu:

1. þriðjungur: 12,1 - 19,6 pmól/l
2. þriðjungur: 9,6 - 17,0 pmól/l
3. þriðjungur: 8,4 - 15,6 pmól/l

Ath. gildin geta verið mismunandi eftir rannsóknarstofum.

MÆÐRAVERND ÞÍH JÚNÍ 2024